



Knattspyrnufélagið Haukar

Hafnarfirði, 10. ágúst. 2018.

Til: Bæjarráðs Hafnarfjarðar

Efni: Ósk um kaup á áhorfendabekkjum í Ólafssal á Ásvöllum

Á næstu vikum verður hinn nýi, glæsilegi, íþróttasalur að Ásvöllum tekinn í almenna notkun. Haukar eru afar stoltir af þessari glæsilegu viðbótaraðstöðu í Íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum og eru afar ánægðir með þann metnað og þá aluð sem lögð var í hönnun og byggingu þessa glæsilega mannvirkis. Má segja að nýi salurinn uppfylli allar þær væntingar, kröfur og gæði, sem lagt var upp með í hönnun og byggingu salarins.

Húsið er hannað sem kennslu- og íþróttahús með frábærri hljóðvist, hússtjórarkerfi og sérstök áhersla var lögð á að skapa góðar aðstæður fyrir æfingar og keppnir í körfuknattleik. Þá mun salurinn einnig nýtast vel fyrir knattspyrnudeild félagsins yfir vetrarmánuðina, þar sem yngstu iðkendur munu geta fengið æfingar þar til nýtt knatthús, sem þegar er gert ráð fyrir að rísi á næstu misserum, verður tilbúið. Í veturnu Ásvallaskóli, Hvaleyarskóli, Hraunvallaskóli og Skarðshlíðarskóli vera með íþróttakennslu hér á Ásvöllum auk þess sem gríðarlegur fjöldi iðkenda í mörgum íþróttagreinum mun nýta aðstöðuna langt fram eftir kvöldi. Má því segja að nýting á íþróttamannvirkjum verður vart betri.

Ljóst er, með vísan til ofanritaðs, að nýi salurinn mun bæta aðstöðu félagsins til muna, þar sem félagið hefur búið við mjög þrongan kost síðustu árin. Handknattleiks- og körfuknattleiksdeild sjá nú fram á að geta stækkað enn frekar, en báðar þessar deildir eru þekktar fyrir sitt góða uppeldisstarf og eru með þeim stærstu á landinu, bæði hvað varðar árangur og fjölda iðkenda.

Ólafssalur er allur hinn glæsilegasti. Hafnarfjarðarbær ásamt Haukum voru til að mynda fyrstir að setja upp LED skjá sem íþróttaklukku í íþróttasal og hefur verið stöðugur straumur fulltrúa annarra sveitarfélaga að skoða aðstöðuna. Má m.a. nefna að nú þegar eru fjögur íþróttahús að setja upp LED skjái hjá sér og sýnir að ákvörðun um kaup á LED skjám var bæði réttmæt og framsýn. Einnig hafa merkingar á gólfí á körfuboltavelli vakið mikla athygli sem og svalirnar sem umlykja salinn.

Haukar hafa horft til þess að geta fullnýtt nýja salinn með æfingum og keppnum en til þess að það geti orðið að veruleika er nauðsynlegt að setja upp áhorfendabekki sem fyrst. Búið er að teikna áhorfendabekki sem koma undir svalirnar og við hönnun hússins var m.a. tekið tilliti til þess, s.s. stærðir valla og annað. Að spila kappleiki í nýja salnum væri góð auglýsing fyrir íþróttabæinn, Hafnarfjörð og styrkir enn frekar við vaxandi íbúabyggð með fjölbreyttari afþreyingu fyrir íbúa nærsvæða. Þá má vænta þess að aðsókn á leiki verði mun meiri í þessu sérhæfða húsi fyrir körfuknattleik, stemmning meiri vegna nálægðar áhorfenda við sjálfan leikvöllinn, og gefur um leið handknattleiksdeild félagsins færri að á nýta betur húsnæði í hinum góða sal sem fyrir er í húsinu. Á meðan ekki eru áhorfendabekkir í nýja salnum þarf mfl. í körfu að spila í eldra húsinu og þá þarf handboltinn að æfa í Ólafssal meðan á leik stendur.

Alla tíð hefur verið rætt um það að reyna að hafa Ólafssal klísturslausn sal, en það er ljóst að það mun ekki ganga upp á meðan að karfan þarf að spila sína leiki í hinum salnum. Með þessu þarf að þrífa hið nýja parket með efnum sem eyða upp lakkí auk þess sem aðrir húshlutar fara ekki varhluta af klístrinu. Þetta kallar á auka þrif og mannafla.



Knattspyrnufélagið Haukar

Áhorfendabekkir gera það líka að verkum að hægt verður að hafa skýr skipti á öllum æfingum á milli deilda og félagið getur þá haft bæði körfuna og knattspyrnu í klísturslausum sal og einnig fjölgreinaæfingar fyrir okkar yngstu iðkendur.

Allur Ólafssalur er tilbúinn fyrir leiki í efstu deild og líka fyrir landsleiki. Ljóst er að þetta yrði gríðarleg auglýsing fyrir Hafnarfjörð því ljóst er að landsleikir munu verða spilaðir í Ólafssal ef áhorfendabekkir verða settir þar upp.

Stöð2 og KKÍ bíða eftir því að geta sýnt beint frá íþróttaviðburðum úr nýja salnum og hefur komið beiðni frá þessum aðilum að sýna beint er húsið verður vígt í fyrsta heimaleiknum og vilja Haukar gera það veglega með tvihöfða þar sem bæði mfl. karla og kvenna eru deildarmeistarar í Dominos deildinni og kvennaliðið er ríkjandi Íslandsmeistari.

Fyrir liggur tilboð í áhorfendabekki í nýja salinn og hafa menn frá félagini farið erlendis að skoða hvaða áhorfendabekkir myndu henta best, bæði hvað varðar gæði og verð. Við höfum leitað eftir tilboðum í bekki og hafa þau verið á verðbilinu 30.000.000,- – 87.000.000,-.

Lágu verðin voru pallar frá Kína og átti það að koma hingað í litlum einingum og án uppsetningar.

Þeir pallar sem taldir eru koma best út, hvað varðar gæði og verð, eru áhorfendabekkir sem koma frá Bandaríkjunum og kosta hingað komnir og með uppsetningu, tæpar 53.000.000,- Í sæti munu komast um 1.200 manns en það verða sæti meðfram hliðarlínunum en bekkir í endanum. Áhorfendabekkir munu auk þess bæta mjög hljóðvist í húsinu.

Knattspyrnufélagið Haukar óskar eftir heimild bæjarráðs Hafnarfjarðar til að kaupa áhorfendabekki í Ólafssal og að gert verði ráð fyrir fjármunum til kaupa á áhorfendabekkjum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019, þannig að hægt verði að setja upp áhorfendabekki í Ólafssal í byrjun árs 2019. Samþykki bæjarráð/bæjarstjórn ofangreinda beiðni félagsins er ljóst að körfuknattleiksdeild félagsins mun geta spilað sína heimaleiki í Ólafssal í byrjun árs 2019.

Virðingarfyllst,
f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka

Magnús Gunnarsson
Magnús Gunnarsson
framkvæmdastjóri.

Fylgirit:
Teikningar af áhorfendapöllum

